

Nr. 47.
10.
nóvbr.

Lög um

innköllun seðla landssjóðs og útgáfu nýrra seðla.

Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Kostnað við gjörð og endurnýjun seðla þeirra, sem landsstjórninni er heimilt að gefa út fyrir landssjóð samkvæmt lögum 18. sept. 1885 og lögum 12. jan. 1900, skal eptirleiðis greiða af tekjum bankans. Stjórnarráðinu skal heimilt að innkalla þá seðla, sem út hafa verið gefnir samkvæmt nefndum lögum og konungsúrskurði 20. maí 1886, með ársfyrirvara, þannig, að þeir verði ógildir, þegar sá innköllunarfrestur er liðinn. Auglýsing um innköllunina skal birt í Stjórnartíðindunum og í blaði því á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar, svo og í Ríkistíðindunum í Kaupmannahöfn, og auk þess lesin upp á kirkjufundum í sveitum á þann hátt, sem fyrir er mælt í tilskipun 8. okt. 1824, 2. gr.

2. gr.

Jafnóðum og þeir landssjóðsseðlar, sem nú eru í gildi, koma inn til landsbankans, eptir að út er komin auglýsing um, að nýjar seðlategundir hafi verið út gefnar, skal landsbankinn skila þeim til landsstjórnarinnar, og fær í staðinn jafna upphæð í nýjum seðlum, og heldur bæði stjórnarráðið og landsbankinn skrár, er sýni seðlaskiptin. Þegar liðið er 1 ár frá því er innköllunarfrestur var á enda, skal líta svo á, sem þeir af hinum gömlu seðlum, sem ekki eru til innlausnar komnir, sjeu glataðir, og afhendir landsstjórnin þá landsbankanum í nýjum seðlum upphæð þá, sem vantar á, að 750,000 kr. hafi verið innleystar í gömlum seðlum. Upphæð þessa skal færa til ágóða í reikningum bankans.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 10. nóvember 1905.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

II. Hafstein.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

Lov

om

Nr 47.

10.
Novbr.

Indkaldelse af Landskassens Sedler og Udstedelse af nye Sedler.

Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark,
de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,
Lauenborg og Oldenburg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Udgifterne ved Forfærdigelse og Fornyelse af de Sedler, som Regeringen er bemyndiget til at udstede paa Landskassens Vegne i Henhold til Lov 18de Septbr. 1885 og Lov 12te Jan. 1900, skal herefter afholdes af Bankens Indtægter. Ministeriet bemyndiges til at indkalde med eet Aars Varsel de i Henhold til de nævnte Love og allerhøjeste Resolution af 20de Maj 1886 udstedte Sedler, saaledes at de efter Udløbet af denne Indkaldelsesfrist blive ugyldige. Bekendtgørelse om Indkaldelsen skal indrykkes i Regeringstidenden, i det til offentlige Bekendtgørelser i Island bestemte Blad og i Statstidenden i København, samt desuden oplæses paa Kirkestævne paa Landet paa den i Forordning 8de Oktbr. 1824, § 2 foreskrevne Maade.

§ 2.

Naar en Bekendtgørelse om Udstedelsen af nye Sedler er udkommen, skal Landsbanken efterhaanden som de nugældende af Landskassen udgivne Sedler indkomme til Banken aflevere dem til Regeringen og erholder da i Stedet derfor et lige Beløb i nye Sedler; saavel Regeringen som Landsbanken føre Fortegnelse over Ombytningen af Sedlerne. Naar der er hengaaet 1 Aar fra Indkaldelsesfristens Udløb skulle de af de gamle Sedler, der ikke ere indkomne til Indløsning, betragtes som bortkomne, hvorefter Regeringen afleverer til Landsbanken i nye Sedler det Beløb, som mangler i, at der har været indløst 750,000 Kr. i gamle Sedler, hvilket Beløb skal opføres som Gevinst i Bankens Regnskab.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 10. November 1905.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Christian R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Islands Ministerium, den 10. November 1905.

H. Hafstein.

Ólafur Halldórsson.